



Persónuvernd
Rauðarárstígur 10
105 Reykjavík

Aðgerðir til að auka kjörsókn tiltekinna hópa og rannsókn tengd hluta af þeim aðgerðum

Vísað er til bréfs Dómsmálaráðuneytis frá því 23. maí 2018. Í bréfinu er fjallað um átak Reykjavíkurborgar til að auka kjörsókn tiltekinna hópa og rannsókn rannsakenda frá Háskólanum tengda átakanu, byggt á fyrri samskiptum. Umfjöllunin lýsir helstu atriðum átaksins og rannsóknarinnar vel.

Í bréfinu er tekið fram að þeir sem fá bréf og smáskilaboð séu ekki upplýstir um að þeir séu andlag rannsóknar á kosningabátttöku. Hin eiginlega rannsókn og greining á gögnum sem vísað er til mun fara fram í kjölfar kosninga, og byggja á samtölugögnum frá Hagstofu. Þátttaka viðtakenda bréfa og smáskilaboða í rannsókninni byggir á þeirri greiningu, og að því leyti sem viðtakendur eru þátttakendur í rannsókninni af þeim sökum, þá eru þeir sem ekki fá bréf eða smáskilaboð einnig þátttakendur.

Af þeim sökum væri ekki unnt að upplýsa þátttakendur rannsóknarinnar með því að bæta þeim upplýsingum í bréfin og smáskilaboðin sem send verða, heldur þyrfti einnig að hafa samband við þá sem ekki fá bréf eða smáskilaboð.

Vísindasiðareglur Háskóla Íslands gera almennt ráð fyrir upplýstu samþykki, á því eru þó undanþágur. Því óskuðu rannsakendur sérstaklega eftir umsögn Vísindasiðanefndar Háskóla Íslands um þetta atriði. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu, með tilvísun til bókstafslíðar b í grein 2.4.4 í Vísindasiðareglum Háskóla Íslands, að það fyrirkomulag sem viðhaft er í rannsókninni samræmist skilyrðum vísindasiðareglanna.

Fyrir hönd Reykjavíkurborgar og rannsakenda,
Afrít sent Dómsmálaráðuneyti, Hagstofu, Umboðsmanni Alþingis og Yfirkjörstjórn í Reykjavík/Eva Helgadóttir.

Virðingarfyllt

Anna Kristinsdóttir, Mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar
Hulda Þórisdóttir, Lektor við Háskóla Íslands
Magnús Þór Torfason, Lektor við Háskóla Íslands